

Nr. 17-033 S 023 Sighvatur GK 57***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 0975
Útgerð: Vísir hf.
Smíðaður: Þýskalandi 1965, stál
Stærð: 260,5 brl. 435,8 bt.
Mesta lengd: 41,43 m Skráð lengd: 37,9 m
Breidd: 7,22 m Dýpt: 6,1 m
Vél: Caterpillar 626 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 14



Sighvatur©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. mars 2017 var Sighvatur GK 57 við bryggju í Grindavík. Veður:

Skipverji var að vinna við þrif á mannaþúðum þegar hann setti vinstri hendina inn í fals á hurð og klemmdist.

Við rannsókn kom fram:

- að þrír fingur klemmdust í hurðafalsinu þegar annar skipverji lokaði hurðinni og fremsta kjúkan á baugfingri brotnaði illa;
- að hurðakarmurinn var úr járn og blikkklaðning á hurðaramma;
- að skipverjinn var frá vinnu í sex vikur eftir slysið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.